

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971,  
um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Í stað orðanna „151 brúttórúmllest að stærð“ í a-lið og b-lið 17. gr. laganna komi orðin: 131 brúttórúmllest að stærð.

Fjárhæðir 17. gr. laganna breytist þannig, að í a-lið 1. mgr. komi 320 krónur í stað 120 króna, í b-lið 1. mgr. komi 240 krónur í stað 100 króna og í 2. og 3. mgr. komi 150 krónur í stað 85 króna.

Síðasta málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr., skulu greiddast frá 1. janúar 1974 og skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærslu-vísitölu frá 1. júní 1974.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1974.*

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Benedikt Sigurjónsson.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

21. maí 1974.

Nr. 54.

## L Ö G

um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971,  
um Framkvæmdastofnun ríkisins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarþúsins, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

## 2. gr.

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

- 1) Að færa þjóðhagsreikninga.
- 2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

- 3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarþúskaþarins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.
- 4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
- 5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
- 6) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

### 3. gr.

Skýlt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarfrankvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

### 4. gr.

Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964, um breytingu á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun, og orkulögum, nr. 58/1967.

### 5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

### 6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsóknadeild og starfsemi hennar.

### 7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1974.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*